


BRAGI ÁSGEIRSSON skrifar um sýningu VETURLIÐA að Kjarvalsstöðum — ERLENDUR JÓNSSON skrifar um bókina „Það rís úr djúpinu“ og JÓHANN

Bókmenntireftir ERLEND
JÓNSSONGuðbergur Bergsson: ÞAÐ RÍS
ÚR DJÚPINU. 231 bls. Helga-
fell 1976.

Þessi bók skiptist í tvo hluta. „Sönn saga af sálarlífi systra“ heitir fyrri hlutinn og er sem hver önnur frásögn með atburðarás, söguþræði; kvennafari t.d. sem aldrei má vanta í sögu eigi hún að rísa undir nafni. Við fyrstu sýn kann að virðast sem höfundur fari troðnar slóðir, skrifi hefðbundið og skikkanlega og leiki ekki þess konar sjónhverfingar sem gert hafa margan lesandann tvílráðan andspænis fyrri bókum hans. Meira að segja eldhús-



Guðbergur Bergsson.

Umhverfi og innhverfi

reyfarastil bregður fyrir, t.d. eftirfarandi:

„Gunnar var ljóshærð. Auk þess að vera snotur, hafði hún alltaf þótt tignarleg, bæði í fasi og framgöngu. Hún átti ekki til hætis hót af feimni.“ Og nokkru síðar: „Fagurskapaðir kálfarnir fóru ekki framhá neinum fyrir ofan nettan fótinn. Gunnar var reglulegt piltagull.“

Hvað er hér á ferðinni? Hjúkrunarkona í leit að hamingju? Heimasæta utan af landi að freista gæfunnar í borginni? Bók handa draumlyndu fólki að lesa undir svefninn? Satt er það, litur textans er fljótt á litið rörsrauður. Fljótt á litið — en varlega skyldi treysta að sá sé grunnliturinn. Guðbergur hefur oft gengið á það lagið að bregða ýmiss konar grímu fyrir andlit sögupersóna sinna og varpa annarlegu ljósi yfir svið það sem þær hrærast á. Ætli hann geti ekki sett saman æsi-spennandi ástarsögu eins og hver annar? Þegar líður á þessa „sönnu sögu af sálarlífi systra“ staldrar höfundur við og ætlar til að lesandi nemi líka staðar og leyfi spennunni af lestrinum að hríslast þægilega um taugarnar og spyrji sjálfan sig: „Hvað kemst Friðþjófur langt með Tótu?“ Kannski hittir höfundur þarna naglann á höfuðið. Flestar skáldsögur snúast einmitt um það — hvað kemst hann langt með hana? Þetta ætlar að verða heilmikil saga með „innlifun“ og hverju einu sem segja má slíkr sögu til lofs. En söguna þrýtur áður en bók-in er hálfnuð; höfundur lætur hana enda á auðri síðu svo lesandinn geti botnað.

Þá tekur við seinni parturinn. Þar eru aftur komin á vettvang Anna, Már og fleiri gamalkunnar persónur, allt frá Tómasi Jónssyni metsölubók. Anna, þessi gumnikli kvenmaður, gerður af anda meir en efni, stendur aftur í sínu flóktandi sviðsljósi. Hver er Anna? Hún stendur á þröskuldi milli raunveruleika og draumóra og skyggnist til beggja átta:

„Persónulega finnst mér allt koma hvort tveggja í senn frá umhverfinu og innhverfinu, og því er mér bæði skiljanlegt og óskiljanlegt í senn.“

Gróskan í hugarlandi Önnu er líkt og jarðargróðinn ef hann er ekki flokkaður í kerfi — þar kennir margra grasa, alltaf segir Anna eitthvað nýtt sem þó líkist flestu sem hún hefur áður sagt; hún er sannarlega heilsteyp persóna eins og sagt var

um atkvæðamiklar söguhetjur í gamla daga. Hún hefur orðið viðskila við bæði raunveruleikann og vanann, hún er að hálfu mennsk en að hálfu draumur. Lýsingin á henni er því engin „sálarlífslýsing“ í venjulegum skilningi, lesandinn stendur ekki eftir með sundurliðun og skilgreining á dutilungum hennar; úr geöflækjum hennar verður traúla greitt. „Flestir menn eru útlendingar í eigin líkama og sálin erlend og mælar á framandi tungu“ — þannig er Anna, framandi sjálfri sér, umhverfi sínu og lesanda. Hún er persóna búin til af orðum og ætlar sér ekki stærra hlut. Eftir allar þær furður sem gerst hafa í kringum hana — og í henni sjálfri — lýkur bókinni á þessari hagnýtu skáldspeki:

„Bústaðir orðsins eru óteljandi. Vegir orðsins eru órannsakanlegir, en samt er ekkert til án þess. Öll orð eru sönn, en það sem ég hef sagt og hugsað er hverju orði sannara.“

Eg hygg að sá verði nýstastur mælikvarðinn sem lagður verði á þessa bók eins og fyrri bækur Guðbergs að litið verði á þær sem texta byggðan upp af orðum fremur en eftirmynd af raunveruleikanum ef hugtakið raunveruleiki er mælt á hefðbundinn raunsæismælikvarða. Þær eru að talsverðu leyti abstraktmyndir úr lífinu; engin spegilmynd af því, heldur skirskotun til þess, eins konar villigróður undirvitundarinnar. Guðbergur getur hermt eftir, er gæddur þeim hæfileika í rikum mæli. Skopstælingum bregður fyrir í flestum bókum hans, einnig þessari. Með sínu næma auga hefur hann fest sér í minni finlegu drættina í svipmóti mannlífsins. Jafnframt er hann uppreisnarmaður gegn viðteknum ritunarhefðum. Skopstælingunum, sem svo víða gægjast fram í texta hans, sýnist ekki beitt til skemmtunar einnar heldur til að koma upp um fyrri ritunarhefðir; sýna fram á að það, sem lesundur hafa trúað, viljað trúða eða verið látnir trúða, stenst ekki alltaf próf raunveruleikans fremur en hugarórar Önnu.

Þó Guðbergur komi ekki fram endurnýjaður með þessari bók er hún vissulega góð viðbót við fyrri safn hans um Önnu Katrínu og stórfjölskyldu þá sem hún hefur safnað um sig. Eldhúsreyfarinn um sálarlíf systranna er líka spennandi — á sína visu.

Skopskyn Guðbergs spannar alla tíðni mannlífsins. Og hugkvæmnin bregst honum ekki.


Veturliði**Myndir frá ýmsum tímum**

VETURLIÐI Gunnarsson er dugmikill á vettvangi sýninga á myndverkum sínum og jafnframt áleitinn athafnamaður á sviði myndsköpunar. Ekki er langt síðan hann sýndi að Kjarvalsstöðum og nýtti þá meirihluta af rými Vestursalarins, og er nú aftur kominn þangað og leggur að þessu sinni allan salinn undir myndverk sín. Hugðist hann jafnvel taka allt húsið fyrir mikla yfirlitssýningu á verkum sínum, og mun það vafalítið hafa átt að vera í tengslum við þann merkisáfangi ævi hans að fylla fimmta áratuginn, — en einungis annar salurinn var honum falur. Líkast til mun af sú góða og gagnmerka venja Félags íslenzkra myndlistarmanna er lengi tíðkaðist að bjóða félögum sínum að gangast fyrir sýningu á verkum þeirra í tilefni þessa áfangi í lífi félaga sinna.

Sýning Veturliða ber þrátt fyrir allt nokkurn svip yfirlitssýningar, þótt engan veginn sé að því stefnt, — en eins og listamaðurinn hefur látið orð falla um þá hefur hann tínt til myndir frá ýmsum tímasekíðum, sem eru flestar í eigu hans sjálfs. Nokkrar hefur hann fengið að láni, it.d. tvær stórar myndir er voru á fyrstu sýningu hans haustið 1952, er mikla athygli vakti þá og mikið var skrifað um vegna hressilegra tiltekta, en hér verður ekki fjallað um.

Ekki eru þetta þó elztu myndirnar á sýningunni með því að listamaðurinn hefur hengt hér upp málverk á vegg við inngang sýningarinnar og er hún sögð máluð árið 1944 og viðfangsefnið frá Bolungavík. Gefur sú mynd til kynna ótvíræða listamannshæfileika og, að snemma hafa honum verið hugleikin viðfangsefni, sem tengjast smáþorpum við sjávarsíðuna og umhverfi þeirra, en slíkt gengur í ýmsum myndum líkt og rauður þráður í gegnum listferil Veturliða, með nokkrum frávikum þó.

Umbúðalaus óhlutlæg mynd-

**Myndlist**eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON

skoðendum óþarflega erfitt fyrir í fyrstu, en við aðra heimsókn er sem maður sé kominn á nýja sýningu, svo mikil er breytingin, a.m.k. var það reynsla mín.

Veturliði hefur orðið þeirrar reynslu aðnjótandi að vera umdeildur listamaður í gegnum tíðina, og hressilega atyrtur á þeim tíma er beinar línur, hvöss og flöt form voru útópía framúrstefnulistamanna höfuðborgarinnar, er illa þóldu að sjá hlutlægt form koma fram í myndverki.

Sem betur fer er sá tími liðinn, og þeir landslagsmálarar og iðkendur hlutveruleikans er árum saman þínu sig við tilraunir í óhlutlæga átt eru aftur farnir að mála hlutlægt, hressilega óþvingaðir, enda hafa sumir þeirra sjaldan eða aldrei málað betur. Ætli þetta að gefa auga leið um það, hve opin og víðsýn viðhorf gagnvart möguleikum listarinnar eru heilbrigðari en uppgötvun fallvalts fullkomleika sérgildra viðhorfa.

Það er rétt stefna hjá Veturliða að draga fram gamlar myndir og kynna yngri kynslóðinni, sem væntanlega kann slíkt að meta. Eftirsjá er að því, að ekki varð af skipulegri yfirlitssýningu Veturliða, með því að þetta form hentar naumast sama listamanni, svo skammt sem hér er á milli sviplíkra sýninga. Svo dugmikill listamaður sem Veturliði Gunnarsson ætti að geta efnt til sýninga með nýjum myndum einungis og hafa af því mikinn ávinning.

Veturliði er rómantiker fram í fingurgóma, örgeðja og viðkvæm sál er finnur samsemd með öllu því sem lifir og hrærist, fóru maður er klífur fjöll og firnindi í leit að sjaldgæfum steinategundum, nýju viðhorfi og ferskum hughrifum, — einlægur unnandi boðaslóða, öræfa og útnesja. Hann leitar fróóleiks í nýlistum jafnt sem verkum eldri meistara. — Þann veg kenni ég þennan listamann.

Allt þetta speglast í myndum hans á sýningunni í Vestursal Kjarvalsstaða í mögnum vatnslita- og pastelmyndum, svo sem nr. 2, 4, 16, 41, 44 og 48, og málverkum nr. 76, 89, (er Listasafnið falaði, og valdi hér vel) 93, 121, 127, 128 og 134, — ásamt í myndum „action painting“ og „tassisma“ nr. 87, 85, 113, 126 og 133.

Ekki er gerlegt að greina þetta nánar hér að sinni, en þetta voru þau verk er einkum vöktu athygli mína að loknum þrem heimsóknunum á sýninguna.

Bragi Ásgeirsson.